

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs
29. fundur
haldinn að Lyngási, 26. mars 2010

Mættir: Eiríkur Björn Björgvinsson, Skúli Björn Gunnarsson, Björn Ármann Ólafsson Skarphéðinn G. Þórisson, Þórhallur boðaði forföll. Magnhildur Björnsdóttir og Jóhann Þórhallsson hennar varamaður frá Fljótsdalshreppi. Jafnframt Agnes Brá Birgisdóttir og Elín Bergsdóttir, starfsmenn þjóðgarðsins.

Gestir fundarins: Guðrún Jónsdóttir verkefnisstjóri verndaráætlunar á austursvæði

Dagskrá:

1. Verndaráætlun
 - a. Ábendingar frá kynningarfundi
 - b. Ályktun frá Skotveiðifélagi Íslands
 - c. Bókun sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps
 - d. Bókun umhverfisnefndar Fljótsdalshéraðs
 - e. Samræmingarskjal
2. Nafn á gestastofu
3. Önnur mál.

Formaður stýrði fundi og setti hann kl. 16.10. Gengið var til dagskrár.

1. Verndaráætlun

a. Ábendingar frá kynningarfundi

Farið var yfir fundargerð frá kynningarfundi sem haldinn var um verndaráætlunina 11. mars á Hótel Héraði. Á hann mættu um 30 manns og komu fram ábendingar frá fundarmönnum við nokkur atriði í verndaráætluninni. Sumar voru þess eðlis að hægt var að lagfæra tiltekin atriði strax í áætluninni en önnur þarfnast meiri umræðu, sérstaklega þau sem snúa að tillögum svæðisráðs um takmörkun á veiðum innan þjóðgarðsmarka við Snæfell. Svæðisráð staðfestir fyrri bókanir um að veiðar á ref og mink verði leyfðar áfram á austursvæði þjóðgarðsins. Um aðrar veiðar er vísað til bókanar hér að neðan.

b. Ályktun frá Skotveiðifélagi Íslands

c. Bókun sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps

d. Bókun umhverfis- og héraðsnefndar Fljótsdalshéraðs

Þessi liðir voru ræddir saman. Farið var yfir athugasemdir sem gerðar hafa verið við takmörkunum á hreindýra- og fuglaveiðum innan þjóðgarðs og koma fram í ályktunum frá Skotvís og bókunum frá sveitarstjórn Fljótsdalshrepps og umhverfis- og héraðsnefnd Fljótsdalshéraðs. Formaður sagði að einnig væri von á erindum frá SKAUST og Félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum vegna þessa.

Samþykkt var eftirfarandi bókun:

Í ljósi ályktana og bókana frá Skotvís, sveitarstjórn Fljótsdalshrepps og umhverfis- og héraðsnefnd Fljótsdalshéraðs hefur svæðisráð farið yfir það sem sett er fram í drögum að verndaráætlun um takmörkun á veiðum. Einnig hefur verið rifjuð upp umræða um veiðar sem fór fram þegar unnið var að undirbúningi að stofnun þjóðgarðsins.

Það er mat svæðisráðs að tillögur um bann við rjúpnaveiði kringum Snæfell og takmörkun á fugla- og hreindýraveiði á austursvæði eigi ekki að koma neinum á óvart því að þegar unnið var að stofnun þjóðgarðsins voru slíkar hugmyndir ræddar á opnum fundum á svæðinu þó að almennt hafi verið gengið út frá því að hefðbundin not héldust óbreytt.

Hreindýraveiðar innan við Laugará hafa lengi lotið strangari reglum en annars staðar á Fljótsdalsheiði, t.a.m. hófust veiðar þar seinna en annars staðar allt til ársins 2006.

Tillögu um að hreindýraveiðar innan þjóðgarðsmarka hefjist ekki fyrr en 15. ágúst er ætlað að draga úr hagsmunaárekstrum útivistarfólks, erlendra ferðamanna og hreindýraveiðimanna. Svæðisráð stendur við þá tillögu og bendir á að búið sé að lengja veiðitímabilið til 20. september og þau dýr sem felld hafi verið síðustu ár á þessu svæði hafi flest verið felld á seinni hluta veiðitímans.

Hvað varðar bann við hreindýra- og gæsaveiðum austan og sunnan Snæfells og stýringu á gæsaveiðum á Vesturöræfum lýsir svæðisráð sig reiðubúið til að funda sérstaklega um það með hagsmunaaðilum. Á þeim fundi verði auk heldur rædd tillaga að banni við rjúpnaveiði innan þjóðgarðsmarka.

Svæðisráð samþykkir að boða fulltrúa frá Skotveiðifélagi Austurlands og Félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum um veiðar á hreindýri, gæs og rjúpu innan þjóðgarðsmarka og fá á þann fund einnig starfsmann veiðisviðs Umhverfisstofnunar og fuglasérfræðing. Sá fundur verði haldinn strax eftir páska og er stefnt á fimmtudaginn 8. apríl kl. 16:00.

Rædd voru þau atriði önnur sem tiltekin eru bókun Fljótsdalshrepps. Lagfæring samþykkt vegna silungsveiði í Kelduá. Hvað varðar aðalskipulag Fljótsdalshrepps og ósamræmi milli þess og tillögu að verndaráætlun samþykkir svæðisráð að í endanlegri verndaráætlun fyrir austursvæði verði þess gætt að samræmi sé milli hennar og aðalskipulags sveitarfélagsins, s.s. varðandi þjónustusvæði.

Í bókun Fljótsdalshrepps er einnig lagt til að kafla um búfjárbætur verði breytt. Svæðisráð felst á að hann þurfi að lagfæra. Vísa þarf til þess að sauðfjárnætur á svæðinu séu í gæðastýringu og samkvæmt viðmiðum Landgræðslunnar sé sauðfjárbætur á Snæfellsöræfum, Múla og Hraunum langt undir þolmörkum.

Þá er í bókun Fljótsdalshrepps ábending um þjónustu í Laugarfelli og fyrirhugaða byggingu ferðaskála þar. Svæðisráð tekur undir að breyta þurfi merkingu á Laugarfelli í tillögu að verndaráætlun.

Í bókun umhverfis- og héraðsnefndar Fljótsdalshéraðs er lagt til að Hálskofa undir Snæfelli verði bætt við sem stað sem ætti að vera aðgengilegur fyrir hreyfihamlaða. Svæðisráð fellst ekki á þá tillögu þar sem meiriháttar vegaf framkvæmd þyrfti til þess á viðkvæmu landi.

e. Samræmingarskjal

Formaður gerði grein fyrir þeirri vinnu sem Alta leiðir við að ganga frá verndaráætluninni og draga saman efni frá svæðunum fjórum. Unnið er að samræmingu og að ná endanlegri framsetningu á heildar verndar- og stjórnunaráætlun þjóðgarðsins. Mikilvægt er að ekkert misfarist í þessu ferli og á það sérstaklega við um landnotkunarkafli svæðanna. Formaður

fór þess á leit við svæðisráðið, starfsmenn þjóðgarðsins og Guðrúnu verkefnisstjóra skýrslu um austursvæði að menn gæfu sér tíma um helgina og á næstu dögum til að fara yfir þetta. Var það samþykkt og munu þessir aðilar fá aðgang að vinnuskjölum á vinnuvef Alta fyrir áætlunina.

2. Nafn á gestastofu

Agnes Brá gerði grein fyrir vinnu nafnanefndar sem skipuð var henni, Elínu, Skúla Birni og Eiríki. Alls barst 241 tillaga að nafni frá 25 einstaklingum. Niðurstaða nefndarinnar var að nafnið Snæfellsstofa hæfði gestastofunni best og auk þess lögðu flestir það til. Helstu rökin væru þau að vísað væri til mest áberandi kennileitis austursvæðis sem væri sýnilegt úr byggð. Einnig væri það hliðstætt við heiti á öðrum gestastofum þjóðgarðsins, Gljúfrastofu og Skaftafellsstofu. Svæðisráð samþykkti tillöguna einróma.

3. Önnur mál

Formaður dreifði bréfi frá Einari Kr. Haraldssyni, fulltrúa Skotvís í Samút og var það kynnt. Bréfið varðar sama mál og bréf Skotvís. Svæðisráð bendir á bókun um veiðar undir 1. dagskrárlið.

Fundi slitið kl. 18.10.

Eiríkur Björn Björgvinsson

Skúli Björn Gunnarsson
ritaði fundargerð

Björn Ármann Ólafsson

Skarphéðinn G. Þórisson

Magnhildur Björnsdóttir

Jóhann F. Þórhallsson